



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 23. maí 2023
2303483/103.02 EKB

Efni: Tillaga að afgreiðslu, styrkur til greiðslu fasteignaskatts

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2007 reglur um styrkveitingar til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Á grundvelli reglnanna var auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2023.

Soroptimistasamband Íslands lagði fram umsókn um styrk vegna greiðslu fasteignaskatts. Lagt er til að styrkumsókn til greiðslu fasteignaskatts að upphæð kr. 190.990,- verði samþykkt enda fellur starfsemi félagsins að reglum Kópavogsbæjar um styrkveitingar.

Virðingarfyllst,

Eva Kolbrún Birgisdóttir

Eva Kolbrún Birgisdóttir
Fulltrúi Bæjarlögmanns